

Ísafjarðarbær  
Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri  
Pósthólf 56  
400 Ísafjörður

ATVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík  
sími: 545 9700 postur@anr.is  
anr.is

Reykjavík 21. nóvember 2017  
Tilv.: ANR17090147/11.3.1

Efni: Umsókn um byggðakvóta fiskveiðíársins 2017/2018

Vísað er til umsóknar yðar um úthlutun byggðakvóta fiskveiðíársins 2017/2018. Ráðuneytið hefur fjallað um umsóknina og er niðurstaðan að úthluta byggðakvóta til sveitarfélagsins, sem hér segir:

HNÍFSDALUR	222 þorskigildistönn *
PINGEYRI	281 þorskigildistönn *
FLATEYRI	300 þorskigildistönn *
SUDUREYRI	192 þorskigildistönn *
ÍSAFJÖRÐUR	140 þorskigildistönn *

Í 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og reglugerð nr. 606 frá 3. júlí 2017 um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga er kveðið á um hve mikinn byggðakvóta ráðuneytið hefur til ráðstöfunar og á hvern hátt skuli skipta magninu til byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum og/eða vinnslu á botnfski sbr. 4. gr. reglugerðarinnar, í öðru lagi er ákveðið á hvern hátt skuli reikna byggðakvóta til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir samdrætti vegna rækjuvinnslu/skelvinnslu, á rækju/skel sem veidd er hér við land.

Í reglugerð nr. 604 frá 3. júlí 2017, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2017/2018 er kveðið á um það í fyrsta lagi hvaða skilyrði fiskiskip og útgerðir þeirra þurfa að uppfylla til að fá úthlutun, sbr. 1. gr. og í öðru lagi hvernig að úthlutun byggðakvóta til einstakra fiskiskipa skuli staðið, sbr. 4. og 6. gr. reglugerðarinnar.

**Athygli bæjar- og sveitarstjórnar er vakin á að engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar frá reglugerð síðasta fiskveiðíárs, aðrar en magnþólur og dagsetningar hafa breyst.**

Fiskistofa annast úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á grundvelli þeirra reglna sem um það gilda.

Reglur samkvæmt reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa eru almennar og gilda um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa í öllum byggðarlögum nema frá þeim sé vikið. Megintilgangur þeirra er að tryggja að fiskiskip sem gerð eru út frá tilteknum byggðarlögum, og landað hafa afla þar, fái hlut í byggðakvótum sem landað er til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Frá þessum almennu reglum er heimilt að víkja samkvæmt tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar enda rökstyðji sveitarstjórnir tillögur sínar og sýni fram á að skilyrði sem hún leggur til séu byggð á málfnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlags.

Ráðuneytið beinir þeim tilmælum til bæjar- og sveitarstjórna að horfa til þeirrar mögulegu verðmætaaukningar og atvinnusköpunar sem hafa má af byggðakvóta, þegar reglur um ráðstöfun byggðakvótans verða mótaðar og minnir á að megin tilgangur byggðakvótans er að stuðla að aukinni atvinnusköpun í viðkomandi byggðarlagi og hafa í huga kosti dagróðrabáta í því skyni.

Ráðuneytið vekur sérstaka athygli á að óski sveitarstjórna á grundvelli rökstuddra málefna alegra staðbundinna ástæðna eftir undanþágu frá ákvæði í 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og 4. gr. reglugerðar 604/2017, um löndun á afla sem nemur tvöföldu aflamarki til vinnslu í byggðarlaginu, mun ráðuneytið leitast við að taka tillit til aðstæðna á hverjum stað. Hvað varðar skyldu til vinnslu á byggðakvóta í byggðarlagi, leggur ráðuneytið áherslu á að sé ekki til staðar bolfiskvinnsla í byggðarlaginu, þá verði í óskum sveitarstjórna um undanþágu frá vinnsluskyldu miðað við að aflinn verði unninn innan viðkomandi sveitarfélags, eða í nágrannabyggðarlögum.


Vilji sveitarstjórn leggja til við ráðuneytið að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðarлага skal hún skila rökstuddum tillögum sínum til ráðuneytisins eigi síðar en 20. desember 2017. Tillögur sem berast eftir þann tíma verða ekki tekna til greina.

Að fresti liðnum felur ráðuneytið Fiskistofu að auglýsa eftir umsóknum útgerða um byggðakvóta og úthluta til einstakra fiskiskipa samkvæmt þeim almennu úthlutunarreglum sem er að finna í áðurnefndum lögum og reglugerð, hafi ekki borist óskir um sérreglur.

**Engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa aðrar en dagsetningar hafa breyst.**

**Athygli sveitarstjórná er þó vakin á upphafi 6. gr. reglugerðar nr. 604/2017 sem hljóðar svo:** Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarлага á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018. Skilyrði þess að afla teljist landað til vinnslu er að honum sé haldið aðskildum frá öðrum afla ásamt því að vera vigtaður og skráður sérstaklega við vigtun á hafnarvog. Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari. Eigandi fiskiskips skal gera skriflegan samning við fiskkaupanda um magn sem landað verður til vinnslu hjá viðkomandi vinnsluaðila, þar sem fram kemur að vinnsluaðili skuldbindi sig til að vinna aflann og skal bæjar- eða sveitarstjórn árita samninginn til staðfestingar. Úthlutun aflamarks fer fram á grundvelli vigtarnóta sem borist hafa Fiskistofu og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Jóhann Guðmundsson



Anna Sigurðardóttir

**Porskigildiskiló**

**HNÍFSDALUR**

**222.000**

<b>Porskur</b>	<b>Ýsa</b>	<b>Ufsi</b>	<b>Steinbítur</b>	<b>Karfi</b>	<b>Langa</b>	<b>Keila</b>	<b>Alls</b>	
<b>159.927</b>	<b>21.567</b>	<b>29.805</b>	<b>5.231</b>	<b>19.720</b>	<b>2.368</b>	<b>2.343</b>	<b>240.960</b>	<b>Slægt</b>
190.389	25.675	35.482	5.813	19.720	2.960	2.603	282.641	Øslaegt

**porskgildiskiló**

**281.000**

**PINGEYRI**

<b>Porskur</b>	<b>Ýsa</b>	<b>Ufsi</b>	<b>Steinbitur</b>	<b>Karfi</b>	<b>Langá</b>	<b>Keila</b>	<b>Alls</b>	
<b>202.430</b>	<b>27.299</b>	<b>37.726</b>	<b>6.622</b>	<b>24.961</b>	<b>2.997</b>	<b>2.966</b>	<b>304.999</b>	<b>Slægt</b>
240.988	32.499	44.912	7.357	24.961	3.746	3.295	357.757	Óslægt

porskigildiskskíó

FLATEYRI

300.000

porskur	Ýsa	Ufsi	Steinbítur	Karfi	Langa	Keila	Alls	
216.117	<b>29.145</b>	<b>40.277</b>	<b>7.069</b>	<b>26.649</b>	<b>3.200</b>	<b>3.166</b>	<b>325.622</b>	<b>Slægt</b>
257.282	34.696	47.948	7.855	26.649	4.000	3.518	381.947	Óstlaegt

þorskígildiskiló

192.000

SUÐUREYRI

þorskur	Ýsa	Ufsi	Steinbítur	Karfi	Langa	Keila	Alls	
138.315	18.653	25.777	4.524	17.055	2.048	2.026	208.398	Slaegt
164.661	22.206	30.687	5.027	17.055	2.560	2.251	244.446	Óslægt

Porskgildiskfl6

ÍSAFJÖRDUR

140.000

Porskur	Ýsa	Ufsi	Steinbitur	Karfí	Langa	Keila	Alls	Slægt
100.855	13.601	18.796	3.299	12.436	1.493	1.477	151.957	
120.065	16.192	22.376	3.666	12.436	1.867	1.642	178.242	Óslægt